

Nr. 18-158 S 104 Óskar SK 13**Strandar í Skagafirði**

Skipaskr.nr. 7022
 Smíðaður: Hafnarfjörður 1988, plast
 Útgerð: Krókaleiðir ehf
 Stærð: 9,49 brl. 11,13 bt.
 Mesta lengd: 10,60 m Skráð lengd: 10,56 m
 Breidd: 3,22 m Dýpt: 1,48 m
 Vél: IVECO 147 kW, 1997
 Fjöldi skipverja: 1



Óskar © Einar Stefánsson

Gögn:
 Lögregluskýrsla
 Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 8. apríl 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.


Atvikalýsing:

Þann 22. ágúst 2018 var Óskar SK 13 á handfæraveiðum í Skagafirði. Veður: ANA 5 m/s.

Tilkynning barst til Vaktstöðvar siglinga um að báturinn væri strandaður í Sandvík á Reykjaströnd í Skagafirði á stað, 65°52,991'N og 19°44,563'V. Þjörgunaraðilar voru þegar ræstir út og eftir tilraunir við að ná bátnum á flot með slöngubátum var ákveðið að fá nærstaddan bát, Fannar SK 11, til aðstoðar og dró hann bátinn á flot og til hafnar á Sauðárkróki.

Við rannsókn kom fram:

- að stjórnandi bátsins sofnaði og vaknaði við strandið;
- að báturinn var á fullri ferð, 6 sjómílum, þegar hann tók niðri í fjörunni;
- að veiðiferðin hafði staðið yfir í 38 klukkustundir þegar báturinn strandaði



Strandstaðurinn Sandvík í Skagafirði

- og hafði skipverjinn einungis sofið í fimm til sex klukkutíma á þessu tímabili;
- að dýptarmælirinn var í notkun en var ekki stilltur þannig að hann gæfi viðvörðun á grynningum. Ratsjá bátsins var ekki í gangi og hafði, að sögn skipstjóra ekki verið notaður í töluverðan tíma. Siglingarforrit var í ferðatölvu og ekki búin neinni viðvörðun;
 - að báturinn skemmdist á stýri, stýrisstamma, skrufublöð bognuðu og kjöljárn undir skrufuöxli bognaði.



Óskar SK 13 á strandstað

Nefndarálit:

Orsök strandsins var sú að stjórnandi bátsins sofnaði og aðvörðunarbúnaður var ekki notaður.

Nefndin ítrekar mikilvægi þess að skipstjórnarmenn séu nægilega hvíldir til að geta haldið árvekni sinni í lagi og minnir á ákvæði sjómanna laga um 14 klst. hámarksvinnutíma á sólarhring.